



Umsóknareyðublað – Starfsleyfi fyrir urðunarstað

Samanber 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Nafn og kennitala umsækjanda:

Borgarbyggð kt. 510694-2289

Staðsetning urðunarstaðar:

Að Bjarnhólum í Hamarslandi í Borgarnesi.

Sjá má staðsetninguna á meðfylgjandi gögnum, þ.e. lýsingargögnum og deiliskipulagsgögnum.

Tegundir úrgangs sem taka á við (sbr. flokkun í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang):

- 20 02 02 og/eða 17 05 04 Jarðvegur og steinar (góður jarðvegur sem berst verður endurnýttur í Borgarnesi og nágrenni)
- 17 01 01 Steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik (steynsteypan verður að einhverju leit mulin til notkunar í fyllingar, annað fer í urðun á staðnum).
- 17 04 05 og/eða 20 01 40 járn og stál (til geymslu ef það kemur með steinsteypunni)
- 20 02 01 úrgangur sem getur brotnað niður með lífrænum hætti (garðaúrgangur og hrossatað, tímabundið inni á svæðinu meðan það er að jarðgerast í múgum og afraksturinn nýttur í Borgarnesi og nágrenni)
- 20 01 38 viður annar en tilgreindur er í 20 01 37 (trjágróður til kurlunar sem verður nýttur í göngustíga og hreint timbur sem berst á móttökustöðina við Sólbakka og verður flutt á staðinn og kurlað og flutt og notað sem millilag á sorphauginn í Fíflholtum.

Magn úrgangs sem taka á við á ári (í tonnum):

-Jarðvegur, múrbrot, mursteinar, flísar og keramik 80 tonn á ári (meiri hlutinn fer í urðun).

-Brotajárn um 10 tonn á ári (Járnið verður geymt á staðnum þar til hægt er að ferma tvo gáma sem einn bíll getur tekið og flutt í endurvinnslu).

-Timbur og trjástofnar 310 tonn á ári.

-Garðaúrgangur 60 tonn á ári.

-Hrossatað 60 tonn á ári.

Áætluð heildarmóttökugeta urðunarstaðarins:

Gert er ráð fyrir að tekið verði á móti 520 tonnum á ári, en einungis lítið brot af því verður urðað á staðnum.

Áætlaður rekstrartími urðunarstaðarins:

Að minnsta kosti 16 ár í viðbót.

Starfsleyfi eru jafnan gefin út til 16 ára, ef sótt er um til skemmri tíma þarf að tiltaka það hér:

Sótt er um til 16 ára en ef það eru einhverjir hnökrar á því vegna stöðu deiliskipulagsins þá til skemmri tíma með framlengingarmöguleika þegar auglýsingaferli deiliskipulagsins lýkur. Ef engar athugasemdir berast ætti það að vera fyrir lok árs 2014. Drög að deiliskipulagi fylgja með umsókn.

Ef sótt er um undanþágu skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þarf að tiltaka það hér og skal rökstuðningur fylgja umsókninni:

Í samræmi við ákvæði 25. gr. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs er sótt um undanþágu frá liðum 3.2 og 3.3. í viðauka I í reglugerðinni. Sem rökstuðningur fyrir þessari beiðni um undanþágu er meðfylgjandi áhættumat.

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri:

Svæðið verður afgirt og lokað. Núverandi hlið er við þjóðveginn en nýtt hlið verður sett upp að klettunum sem móta aðkomuna inn á svæðið. Hafin verður innheimta lágmarksgjalds samkvæmt gjaldskrá til að standa undir kostnaði við rekstur svæðisins. Borgarbyggð mun sækja um tímabundna undanþágu frá starfleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til að nýta urðunarstaðinn áfram þar til starfsleyfi liggur fyrir þar sem ekki verður unnt að fara í framkvæmdir á svæðinu í haust/vetur þegar niðurstæða deiliskipulags liggur fyrir og biður það því vorsins.

Fylgigögn:

- Uppdráttur að urðunarstaðnum er í skjali sem heitir „Bjarnhólar 26. júní 2014“.
- Upplýsingar um stöðu aðalskipulags á svæðinu og afrit af staðfestu deiliskipulagi fyrir urðunarstaðinn er í skjali sem heitir „Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og ASK breyting Bjarnhóla _11_02_2013. Deiliskipulagið er ekki farið í auglýsingu en er tilbúið sem drög og á að fara í auglýsingu um leið og skipulags- og byggingarfulltrúi er kominn úr sumarleyfi. Skjalið er það sama og uppdrátturinn heitir „Bjarnhólar 26. júní 2014“ og nýtt skjal sem heitir Bjarnhólar tillaga 9 júlí 2014 „.
- Lýsing á urðunarstaðnum er í drögum að umhverfisskýrslu. Skjalið heitir „a406Bjarnhólar-umhverfisskýrsla 2“
- Greinagerð þar sem fjallað er um áhrif losunar mengunarefna osfrv. er í skjali sem heitir „Áhættumat Bjarnhólar UMÍS 111102 og Bjarnhólar 2013_Áhættumat og viðbraðsáætlun“.

-Áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit. Það er búið að gera drög að gjaldskrá fyrir svæðið og svæðið verður lokað af þannig að enginn umgangur getur orðið um það án heimildar og vöktunar á úrgangi sem viðkomandi kemur með. Eftirlit mun verða í höndum umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa Borgarbyggðar auk starfsmanna áhaldahúss sem bráðlega verður stofnað. Ekki verður sett upp vikt á svæðinu en rúmmálsmælt það magn sem kemur inn. Mest af úrganginum verður endurnýtt í nágrenningu en það svæði sem tekur við urðunarúrgangi verður ýtt út reglulega og svæðið sléttað. Stærð svæðisins fyrir slíkan úrgang er mjög riflegt miðað við það sem tekið er á mótí.

-Fullnægjandi starfsleyfistrygging umsækjanda – Þetta þarf ekki að fylgja þar sem einungis óvirkur úrgangur verður urðaður.

-Áætlun um lokun urðunarstaðsins ... Ekki er fyrirhuguð lokun hans í nálægri framtíð en þegar að því kemur þá verður gengið frá staðnum og hann sléttaður. Ekki er ljóst hvað kosnaður verður við þá aðgerð, en hingað til hefur kosnaður verið mest um 700.000 kr. á ári fyrir sléttun og frágang á svæðinu.

-Samþykkt lýsing á deiliskipulaginu fylgir einnig með ásamt umsagnarbréfi Umhverfisstofnunar við hana.

-Samantekt á almennu máli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Meðal þess sem kemur fram í umsókninni um starfsleyfi eru eftirfarandi atriði.

- Tegundir úrgangs
- Magntölur
- Undanþágubeiðni
- Öll umbeðin fylgigögn

Borgarves 9. júlí 2014
Staður og dagsetning

Undirritað f.h. umsækjanda
UMHVERFIS- OG
LANDBÚNAÐARFULLTRÚI
BORGARBYGGÐAR